

#### 8.grein

Stjórn félagsins er kosin til eins árs í senn. Á aðalfundi skal sitjandi stjórn gera grein fyrir starfi liðins árs.

Aðalfund mega aðeins félagsmenn sitja.

#### 9.grein

Árgjald félagsins er 5000 kr fyrir hvert barn, en 6000 kr fyrir systkini. Komi fleiri en 2 börn frá sama heimili eru þau börn sem umfram tvö eru gjaldfrí.

Gjaldið er innheimt 2 sinnum á ári, annars vegar í febrúar og hins vegar í september.

#### 10.grein

Félagsgjaldinu skal varið sem mestu í það starf sem börnin njóta góðs af.

Verði afgangur á rekstrarári skal upphæðin flytjast óskipt til næsta rekstrarárs.

#### 11.grein

Ákvörðun um slit á félaginu verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta. Munu eignir sjóðsins verða greiddar út í jöfnum hlutföllum til allra þeirra er eiga aðild að félaginu.

**Lög þessi voru samþykkt á fyrsta stjórnarfundum félagsins 12.11.2004 í leikskólanum Stekkjarás Hafnarfirði.**

## **Lög Foreldrafélags Stekkjaráss** **Hafnarfirði**

### 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Stekkjarás, leikskóla sem staðsettur er að Ásbraut 4 í Hafnarfirði.

### 2. grein

Heimili félagsins er að Ásbraut 4, Hafnarfirði.  
Varnarþing er í Hafnarfirði.

### 3. grein

Markmið og tilgangur félagsins er að tryggja sem best velferð og hagsmuni barna í leikskólanum.

### 4. grein

Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með því að: Hvetja alla foreldra til að taka þátt í að hafa aukin áhrif á aðbúnað og starfsemi í leikskólanum, þá í samráði við starfsfólk. Að auka tengsl foreldra og starfsfólks. Að efla tengsl milli foreldra barnanna. Stuðla að fræðslu og fyrirlestrum fyrir foreldra barnanna sem og starfsfólk leikskólans.

### 5. grein

Stofnendur eru foreldrar barna sem hófu skólagöngu við stofnun leikskólans haustið 2004.

### 6. grein

Foreldrar barna er skráð eru í leikskólann eiga rétt á að vera í félaginu gegn því félagsgjaldi er aðalfundur ákveður ár hvert.

### 7. grein

Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi ár hvert. Halda skal aðalfund eigi síðar en 1. október ár hvert. Aðalfundurinn telst fullgildur ef mættur er þriðjungur foreldra barna. Foreldrar hafa eitt atkvæði fyrir hvert barn.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar.

Stjórn félagsins skal skipuð 10 fulltrúum. Reyna skal eftir fremsta megni að einn foreldri komi frá hverri deild leikskólans. Einn fulltrúi starfsmanna skal ætíð sitja í stjórn félagsins og er hann jafnframt tengiliður við aðra starfsmenn leikskólans.